

Nr. 034 / 09 Kristbjörg HF 177**Vélarvana við Krísuvíkurbjörg**

Skipaskr.nr. 239
Smíðaður: Flosö Noregi 1964 stál
Stærð: 196,1 brl. 290 bt.
Mesta lengd: 34,09 m Skráð lengd: 30,1 m
Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,15 m
Vél: Mirrlees Blackstone 486 kW, 1979
Fjöldi skipverja: 15



Kristbjörg ©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. apríl 2009 var Kristbjörg HF 177 að netaveiðum um eina sjómílu suður af Krísuvíkurbjargi. Veður SA 8 m/sek

Skipverjar voru að ljúka aðgerð og á meðan var skipið látið reka við eina netabaujuna. Skipstjóri varð var við að það dró niður í aðalvélinni og vakti athygli vélstjóra á því en áður en hann náði að bregðast við stöðvaðist hún. Vélstjóri sá strax að hæðartankur var tómur því dæla, sem halda átti hæfilegum olúbirgðum í tanknum, hafði stöðvast.

Skipstjóri lét gera akkeri klárt og gerði Vaktstöð siglinga viðvart um að skipið hefði rekstefnu upp að bjarginu. Eftir að stjórnborðsakkeri var látið falla hætti rekið og lá skipið fyrir því á meðan undirbúningi við gangsetningu vélainnar stóð yfir en nokkurn tíma tók að koma henni í gang.

Vaktstöð siglinga kallaði út björgunarþyrlur og voru tvær þyrlur á staðnum þar til vél skipsins komst í gang og akkeri hafði verið létt.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn vélstjóra var hann að vinna á vinnsluþilfarinu þegar skipstjórinn kom og lét hann vita af gangtruflunum. Þeir fóru báðir í vélarúmið og þegar hann kom inn á vélareisnina sá hann að mæliglas hæðartanksins var tómur og byrjaði hann þá strax að handdæla olíu upp á hann. Þrátt fyrir það stöðvaðist vélin;

- að þegar olíufæðidælan var skoðuð kom í ljós að rafmótor hennar var brunninn fastur og var þá færðidæla ræst til að dæla upp á hæðartankinn og farið strax í að lofttæma olíukerfi vélarinnar;
- að á skipinu var einn vélstjóri og sagðist hann hafa mikið til unnið á þilfari sökum góðra aflabragða. Hann sagði að alltaf þegar vélin væri ræst væri byrjað á því að gangsetja fæðidælu hæðartanksins og er hún látin ganga á meðan vélin gengur. Þessi dæla heldur því hæðartanknum alltaf fullum og umframmagn rennur um yfirfall aftur niður í forðatank;
- að engin lágmarksaðvörðun var í hæðartanknum og sagði vélstjóri það hafa komið sér á óvart því hann væri vanur því að þannig búnaður væri til staðar en hann byrjaði á skipinu fyrst í janúar á þessu ári;
- að í Viðauka 1, í Reglugerð um öryggi fiskiskipa nr. 122/2004, IV kafla er eingöngu tekið á viðvörðun sem orsakast af bilun í vélbúnaði en ekki vöntun sem orsakað getur stöðvun vélarinnar.

Nefndarálit:

Vélin stöðvaðist vegna olíuskorts í hæðartank eftir að fæðidæla bilaði.

Sérstök ábending:

Nefndi beinir því til Siglingastofnunar að auka kröfur um viðvörðunarbúnað skipa með undanþágum vegna mönnunar.